

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Deiliskipulag við Ásbrún.

Um er að ræða deiliskipulag á lóðum fyrir íbúðarhús ásamt bílgeymslum.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag í Bjargslandi I, svæði 2.

Um er að ræða deiliskipulag íbúðabyggðar í Bjargslandi norðan núverandi íbúðabyggðar í Bjargslandi. Tillagan gerir ráð fyrir 5 lóðum undir fjölbýlishús, 16 lóðum undir parhús og 33 lóðum fyrir einbýlishús.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 19. desember 2006.

Forstöðumaður framkvæmdasviðs Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.